



Félag háskólakennara

Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn miðvikudaginn 23. maí 2018

Michael Dal, formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 15:00. Hann lagði til að Sigríður Jónsdóttir verði fundarstjóri fundarins og var það samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald, sbr. 7. grein laga og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. gr. sjóðsins.
4. Tillögur um lagabreytingar.
5. Kosin stjórn, sbr. 9. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 9. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Kosin samninganefnd, sbr. 10. grein.
9. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar.

Michael Dal varaformaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu verkefni og störf stjórnar Félags háskólakennara starfsárið 2017 – 2018.

Í máli formanns kom m.a. fram að á starfsárinu var stofnanasamningur félagsins og HÍ uppfærður með þeim breytingum sem orðið hafa frá árinu 2014. Samningurinn var undirritaður 15. desember 2017.

Á starfsárinu hefur verið fylgt úr hlaði samþykkt félagsfundar sem haldinn var þann 16. júní 2017sl., um skuldbindingu félagsins vegna kostnaðar við gerð álitserðar um mögulega sameiningu akademískra starfsmanna í eitt félag. Stjórn félagsins tók tilboði Gísla Tryggvasonar hdl. sem unnið hefur að verkefninu á starfsárinu. Áætlað er að úttektin verði kynnt á komandi haustmánuðum.

Þá hefur verið unnið að höfundaréttarmáli kennara í starfshópi sem rektor HÍ setti á fót, vegna erindis frá Félagi háskólakennara.

Lagabreytinganefnd félagsins hefur starfað á starfsárinu og hefur lagt fram tillögur að breytingum á lögum félagsins.

Þá hefur stjórn fjallað um trúnaðarmannakerfi félagsins almennt, ýmsar kannanir, úttekt vinnumatskerfisins og gert umsögn um jafnréttisáætlun HÍ.

Samningur náðist á milli Félags háskólakennara og samninganefndar ríkisins í desember 2017 að miða framlög ríkisins í Starfsþróunarsjóð Félags háskólakennara (SFH) eins og hjá Starfsþróunarsetri BHM frá 1. janúar 2018 eða 0,7% af heildarlaunum félagsmanna.

Stjórn Félags háskólakennara mun sækja fund norrænu kennarafélaganna í Finnlandi í byrjun júní.

2. Ársreikningur.

Guðmundur Ingi gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2017. Rekstrarreikningur ársins 2017 skilaði hagnaði sem nam tæplega 1,4 milljón króna. Hagnaðurinn er tilkominn vegna hærri hlutdeildar félagsgjalda til reksturs sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 2017. Eignarstaða félagsins er góð og nemur handbært fé í árslok rétt rúmum 23 milljónum króna og kjaradeilusjóður á eignir sem nema rúmum 87 milljónum króna.

Helgi Áss formaður SFH gerði nánari grein fyrir rekstrarlegri stöðu Starfsþróunarsjóðs félags háskólakennara og tölulegum upplýsingum.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikning. Félagsmenn spurðu m.a. um hver tilgangur samráðsnefndar um kjaramál væri og grunn félagsgjalda. Formaður félagsins svaraði fyrirspurnunum.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð.

Formaður gerði grein fyrir afstöðu stjórnar um óbreytt félagsgjöld eða 0,55% af heildarlaunum félagsgjalda ásamt óbreyttu hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sem er 9,1% af félagsgjöldum.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur til lagabreytingar

Baldvin varaformaður félagsins gerði grein fyrir störfum lagabreytinganefndar sem hefur starfað frá aðalfundi 2017 og fór yfir helstu breytingatillögur nefndarinnar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Í 2. grein um hlutverk félagsins var hugsunin sú að færa hlutverk þess meira til nútímans með breyttum áherslum.

Í 3. grein um aðild félagsmanna voru gerðar orðalagsbreytingar en meginhugsuninni var ekki breytt um aukaaðild.

Í 4. grein um aðalfund var verið að færa fundarboðun aðalfundar til nútímans með því að boðun aðalfundar verði með rafrænum hætti.

Í 5. gr. er orðalag um 7. tl. um félagsgjald felld út, enda talið upp sem einn af dagskrárliðum aðalfundar. Þá er einnig 8. tl. felldur út um samninganefnd enda gert ráð fyrir að stjórn félagsins verði samninganefnd, er geti kallað til trúnaðarmenn, starfsmenn eða sérfræðinga sé þess þörf.

Miðað við þessar breytingar verða númerabreytingar þar sem 7. gr. féll burt.

Í 12. gr. er verðlag uppfært miðað við maí 2018.

Í 14. gr. verður „áhugamál“ að „hagsmunamál“.

Sjá meðfylgjandi skjal „Lög Félagsháskólakennara – Breytingar“ sem lá fyrir fundinn.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna þessara tillagna lagabreytingarnefndar.

Spurt var um verkferil vegna lagabreytinga og ástæður þess að breytingarnar hafi ekki verið sendar út á félagsmenn fyrir í ferlinu og hvort vika skv. lögum þess um sendingu lagabreytinga sé ekki of skammur tími.

Formaður félagsins svaraði því til að lagabreytingartillögurnar hafi verið senda út með aðalfundarboði þann 8. maí viku fyrir aðalfund, skv. lögum þess. Dagsetning aðalfundar var ákveðin á stjórnarfundi í apríl en endanlegar tillögur um lagabreytingar hafi varið samþykktar á stjórnarfundi 2. maí sl. og því hefði í raun ekki verið hægt að senda tillögurnar út fyrir. Í umræddum lagabreytingatillögum er ekki verið að gera neinar breytingar á starfsemi félagsins heldur er um endurskoðun á orðalagi að ræða með áherslu á að aðlaga þau að starfsemi félagsins til dagsins í dag.

Einnig var spurt um stundakennara og hvar sé gert ráð fyrir þeim í lögum félagsins og ábending kom um að skipa fimm manna stjórn og tvo til vara í stað sjö aðalmenn.

Þá var bent á að misræmi væri á breytingatillögnum þess eðils að í 5 gr. um dagskrá aðalfundar þá ætti að vísa til 8. gr. vegna númerabreytinga í 5. og 6. tl. í stað 9. gr., einnig væri „áhugamál“ í texta sem ætti að vera „hagmunamál“ í 14. gr. Fundarstjóri þakkaði fyrir góðar umræður og ábendinga og gaf orðið laust.

Bent var á að mikill áhugi væri hjá doktorsnemunum og nýdöktorum um að hafa sama atkvæðisrétt, kosningarétt og kjörgengi og aðrir félagsmenn og að þessari hugsun laganna þyrfti að endurskoða. Þá var einnig bent á að styrkja þyrfti samninganefnd félagsins.

Baldvin svaraði því til að á komandi vetri verði unnið að hagmunamálum doktorsnema og nýdöktora í samvinnu við þá aðila, hins vegar hafi ekki þótt rétt á þessum tímapunkti að breyta lögum félagsins þess eðils, þar sem mögum spurningum sé ósvarað um starfsskilyrði hópanna. Þá telur hann að með því að hafa stjórn félagsins á hverjum tíma sem samninganefnd ásamt því að hafa möguleika á því að kalla til fleiri aðila, sé verið að styrkja samninganefndina.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til máls og því var gengið til atkvæða um lagabreytingarnar.

Fundarstjóri bar upp hverja lagabreytingatillögu fyrir sig (með breytingu á 5. og 14. gr.) og voru þær allar samþykktar samhljóða. Fundarstjóri bar þá löginn öll í heild sinni. Lögin voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Kosning stjórnar.

Tillaga kjörnefndar dags. 30. apríl 2018 um formann og aðra stjórnarmenn lá fyrir eftirfarandi:

„Formaður kjörinn til eins árs:

Michael Dal, dósent menntavísindasviði.

Aðrir í stjórn til tveggja ára:

Ármann Höskuldsson, vísindamaður, Raunvísindastofnun,
Helgi Áss Grétarsson, dósent, lagadeild,
Íris Davíðsdóttir, verkefnastjóri, VON.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur póstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns og þrjú um aðra stjórnarmenn

Borin var upp tillaga um Michael Dal til formanns til eins árs. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Borin var upp tillaga kjörnefndar um aðra stjórnarmenn til tveggja ára og eins árs. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri lýsti því formann félagsins, Michael Dal réttkjörinn.

Aðrir stjórnarmenn, Ármann Höskuldsson, Helga Áss Grétarsson og Íris Davíðsdóttur réttkjörin í stjórn félagsins til tveggja ára.

6. Kosning kjörnefndar.

Tillaga stjórnar um kjörnefnd lá fyrir eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og tillaga stjórnar var samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir

Reynir Örn Jóhannesson

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt.

9. Önnur mál.

i) Fundarstjóri bar upp tillögu Margrétar Björnsdóttur sem borist hafði fyrir fundinn og bauð henni að fylgja henni úr hlaði.

Tillagan er svona:

“Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn 23.5.2018 beinir þeim tilmælum til stjórnar Starfsþróunarsjóðs FH (SFH) að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins með það að markmiði að tryggja þar jafnræði allra félagsmanna FH. Í dag eiga aðeins þeir sem eru í 50% starfi eða meira rétt á starfsþróunarstyrkjum frá sjóðnum. Óþarfi ætti að vera að rökstyðja að starfsþróunarþarfir starfsfólks HÍ hefjast ekki frá og með 50% starfshlutfalli. Sjóðurinn er hluti af kjarasamningi félagsins við ríkið og sn. Bókun 4 með samningnum tiltekur engar slíkar takmarkanir, sem virðist þá ákvörðun stjórnar sjóðsins einnar.”

Flutningsmanni finnst hins vegar vel koma til greina að starfshlutfall ráði amk. að einhverju marki, hlutfallslegum réttindum.

Margrét S. Björnsdóttir kt. 010748-6749

ES. Flutningsmaður tillögunar (án nokkurra réttinda í sjóðnum) hefur td. sl. átta ár verið aðjúnkt, kennt eitt afar fjölmennt námskeið, annað að verulegum hluta, bæði á meistarastigi, auk þess að vera verkefnisstjóri í 35% starfi og leiðbeinandi í all nokkrum lokaritgerðum.”

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Helgi Áss formaður stjórnar SFH útskýrði afstöðu stjórnar vegna þess og fór yfir aðdraganda að stofnun sjóðsins. Stjórnin hafi viljað hafa reglur hans stífar til að byrja með vegna takmarkaðs fjármagns. Hins vegar breytir fast framlag í sjóðinum afstöðu stjórnarinnar sem mun á komandi mánuðum endurskoða reglur hans m.a. til samræmis við Starfsþróunarsetur BHM og SFPR. Jafnframt kom fram í máli hans að hann styði málefnið.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt einróma.

ii) Möguleg sameining akademískra starfsmanna í eitt stéttarfélag.

Michael Dal fór yfir stöðu mála frá því að félagsfundur dags. 16. júní 2017 samþykkti fjármagn til að gera úttekt á málinu. Stjórnin tók tilboði Gísla Tryggvasonar hdl., sem hefur unnið að úttektinni í vetur. Niðurstöður úttektarinnar verða kynntar vel m.a. á félagsfundi sem áætlað er að halda í september næstkomandi. Mikilvægt er að félagsmenn geti vegið og metið kosti og galla málsins á málefnalegum nótum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ábending kom fram um að fresta umræðu um málið þar til að niðurstaða skýrslunnar liggur fyrir.

iii) Rætt var um stofnanasamninga félagsins, yfirvinnuþak kennara og kjör félagsmanna almennt. Skorað var á stjórn félagsins að skoða sérstaklega yfirvinnuþak og tímakaup yfirvinnu kennara sem er á engan hátt réttlætanleg á árinu 2018. Kennarar við HÍ er eina stéttin á landinu sem hefur ekki tímakaup af yfirvinnu sem 1,0385% af mánaðarlaunum. Málið rætt vítt og breytt.

Þá var spurt um að hvort félagið væri að vinna að málefnum stundakennara og bent á réttleysi þeirra. Einnig var bent á að verðmeta þurfi störf stundakennara vegna jafnlaunavottunar og því þurfi félagið að taka á þeim málum.

Mælendaskrá var tæmd og því þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan og málefnalegan fund.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:00.

Helga Birna Ingimundardóttir, fundarritari.